

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis-, framkvæmda-, skipulags- og þjónustugjöld í Helgafellssveit.

Gjöldum vegna framkvæmda- og byggingarleyfa og vinnu og þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi innir af hendi skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við byggingar- og framkvæmdaraðila.

Byggingarleyfisgjald	kr. 187.000
í því er innifalið 1 yfirferð aðaluppdráttu, 4 úttektir, fokheldisvottorð og vottorð vegna lokaúttektar	
Aukaúttektir	kr. 28.500
Stöðuúttektir	kr. 38.500
Úttektir vegna meistaraskipta	kr. 38.500
Úttekt vegna byggingarstjóarskipta	kr. 38.500
Úttekt vegna rekstrarleyfa	kr. 38.500
Útsetning húsa	kr. 60.000
Byggingarleyfi vegna stækkunar á eldra húsnæði	kr. 352 á rúmmetra
Tímabundið stöðuleyfi án byggingarleyfis	kr. 50.000 (að jafnaði veitt til eins árs)

Landeigandi eða framkvæmdaraðili getur óskað eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breyting á deiliskipulagi á sinn kostnað. Fyrir vinnu við skipulagsáætlun eða breytingar á henni að ósk landeiganda eða framkvæmdaraðila og grenndarkynningu skal greiða eftirfarandi gjöld:

- | | |
|--|-------------|
| a) Gerð aðalskipulagsgagna vegna breytinga á aðalskipulagi, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðkeypt vinna sveitarfélagsins greiðist skv. reikningi. | |
| b) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna breytinga á aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 | kr. 134.660 |
| c) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna breytinga á aðalskipulagi, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 | kr. 80.800 |
| d) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna nýs deiliskipulags, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 | kr. 134.660 |
| e) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 | kr. 134.660 |
| f) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 | kr. 80.800 |

Stofnun lóðar á lögbýli sem er ekki deiliskipulagsskylt kr. 44.840

Leyfi til niðurrifs á gömlum byggingum kr. 28.500

í því er innifalið: úttekt þegar niðurrifi er lokið og bygging afmáð úr fasteignaskrá.

Framkvæmdaleyfi kr. 49.085, hver úttekt kr. 28.000.

Sveitarstjórn Helgafellssveitar heimilar að setja gjald, þótt eigandi hafi ekki sótt um leyfi. Byggingarfulltrúi hefur heimild til að senda út reikning.

Fjárhæðir taka mið af vísitölu byggingarkostnaðar útgefni af Hagstofu Íslands og breytast um hver áramót (janúar) í samræmi við breytingu vísitölnnar.

Grunnvísitala er 146,7 stig í janúar 2020.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt í sveitarstjórn Helgafellssveitar þann 4. apríl 2020, er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi eldri óbirt gjaldskrá frá árinu 2015.

Helgafellssveit, 4. apríl 2020.

Guðrún Reynisdóttir oddviti.